

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Hnoðravellir 21-31.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 26. september 2007 breytingu á deiliskipulagi Valla, 6. áfanga, Hnoðravellir nr. 21-31 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að byggingarreitir lengist um 4,5 m og að byggðar verði einnar hæðar byggingar í stað tveggja hæða bygginga. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 1. október 2007.

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2007